

Matijasevic gegn Serbíu

Dómur frá 19. september 2006

Mál nr. 23037/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Yfirlýsing dómstóls um sekt. Réttur til að teljast saklaus uns sekt er sönnuð að lögum.

1. Málsatvik

Kærandi, Milija Matijasevic, er serbneskur ríkisborgari, fæddur 1976 og afplánar nú fangelsisdóm í Serbíu. Hinn 7. maí 2003 var kærandi handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um að hafa framið fjársvik og hvatt til manndráps. Ákæra á hendur honum var gefin út 4. nóvember 2003. Hinn 2. apríl 2004 framlengdi dómstóll í Novi Sad gæsluvarðhald yfir kæranda um tvo mánuði, m.a. með þeim rökum að hann hefði áður verið sakfelldur fyrir afbrot. Í úrskurðinum var því jafnframt lýst að kærandi hefði framið þau afbrot sem hann væri ákærður fyrir og væri líklegur til að halda áfram á þeirri braut. Kærandi kærði úrskurðinn til Hæstaréttar á þeim forsendum að með þessari yfirlýsingu dómstólsins hefði verið brotið gegn rétti hans til að teljast saklaus uns sekt væri sönnuð, en sá réttur væri verndaður í lögum um meðferð sakamála, serbnesku stjórnarskránni og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmálans. Hæstiréttur féllst ekki á röksemdir kæranda og staðfesti gæsluvarðhaldið með vísan til fyrri brotaferils kæranda. Hins vegar fjallaði Hæstiréttur ekkert um þá yfirlýsingu undirréttar að kærandi væri sekur um þau brot sem hann var ákærður fyrir. Hinn 27. maí 2004 var kærandi dæmdur í átta ára fangelsi og var sá dómur síðar staðfestur í Hæstarétti.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að dómstóll hefði lýst yfir sekt hans í gæsluvarðhaldsúrskurði áður en hún var sönnuð að lögum, og með því hefði verið brotið gegn rétti hans samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sáttmálans. Þá hefði Hæstiréttur brugðist skyldum sínum að bæta úr brotinu er gæsluvarðhaldsúrskurðurinn var kærður þangað.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að það fæli í sér brot gegn 2. mgr. 6. gr. ef dómstóll lýsti yfir því að einhver væri sekur, áður en sekt viðkomandi væri sönnuð að lögum. Þá féllst dómstóllinn á það með kæranda að það væri grundvallarmunur á því að vísa til þess að maður væri grunaður um að hafa framið afbrot eða að staðhæfa um sekt hans, án þess að dómur í málinu lægi fyrir. Dómstóll í Novi Sad hefði byggt á því að kærandi væri sekur og Hæstiréttur ekkert gert til að leiðrétta það. Með þessu hefði verið gengið gegn ákvæði sáttmálans um að hver maður skyldi teljast saklaus uns sekt hans væri sönnuð að lögum.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn rétti kæranda samkvæmt 2. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 662 evrur í málskostnað. Hins vegar taldi dómstóllinn að niðurstaðan sem slík fæli í sér nægjanlegar miskabætur.